



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

Keflavík 25.09'86 HÁ.

1. stjórnarfundur skólanefndar.

Stjórn nýkjörinnar skólanefndar hélt fyrsta fund sinn fimmtudaginn 18. september 1986 og hófst hann kl. 17:30.

Viðstaddir: Guðmundur, Hilmar og Hjálmar. Ekki náðist í Boga.

Efni:

1. Trúnaðarmál.
2. Flugliðabraut - mótmæli nemenda vegna aksturs með Ragnari.

Hjálmar Árnason.



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

Keflavík 18. september 1986

Herra Stefán Ólafur Jónsson,

Menntamálaráðuneytið

Hverfisgötu 6

101 Rvk.

Í framhaldi af bréfi frá nemendum flugliðabrautar og samtali okkar gær var haldinn í dag fundur með skólanefnd flugliðabrautar og fulltrúum nemenda. Samningar tókust ekki en nemendur óskuðu eftir því að menntamálaráðuneytið úrskurðaði í málinu og hétu að hlíta þeim úrskurði.

Af ýmsum ástæðum tel ég leika mikla óvissu um framtíð flugliðabraut arinnar FS. Ég óska því eftir að úrskurður ráðuneytis liggi fyrir áður en næsta starfsvika hefst þannig að fá megi botn í mál þetta sem fyrst.

Virðingarfyllst,

Hjálmar Arnason,
skólameistari.